



Íslandsmeistaramót aldursflokka í sundi - AMÍ

Reykjanesbæ 18. - 21. júní 2026

Ágætu félagar,

Íslandsmeistaramót aldursflokka í sundi - AMÍ fer fram í Vatnaveröld Reykjanesbæ dagana 18. - 21. júní 2026. Boðið verður upp á gistingu í skóla. Eins og venja er þegar boðið er upp á gistingu í skólum, þarf fólk að hafa með sér dýnur og annan viðlegubúnað, ath aðeins einbreiðar vindsængur í boði.

Setning mótsins hefst með skrúðgöngu klukkan 18:00 fimmtudaginn 18. júní 2026 í Skrúðgarðinum í Keflavík (fyrir framan Myllubakkaskóla) og endar við Blue Höllina. Eftir setninguna verður boðið upp á kvöldmat.

Lokahóf fer fram í Stapanum á sunnudeginum. Húsið opnar kl. 14:00 og dagskrá hefst 14:30 .

Gisti- og fæðispakki

AMÍ pakki á 33.000kr

- Gisting frá fimmtudegi 18. júní til 21. júní.
- Matur frá fimmtudagskvöldi til sunnudagsmorgun.
- Lokahóf.
- AMÍ bolur.

Gisti- og fæðispakkar standa einnig dómurum til boða.

Athugið að einnig verður hægt að kaupa stakar máltíðir á meðan móti stendur

Stakar máltíðir kosta 2.300 kr.-

Einnig er hægt að kaupa staka miða á lokahóf til fimmtudagsins 18. júní 2026.

Miði á lokahófið kostar 11.000 kr.

Skráning í mat og gistingu

Skráningar í AMÍ pakka skulu berast með því að fylla út [eyðublaðið hér](#) eða á síðu mótsins á fyrir 7. júní 2026.

Þar þarf einnig að koma fram fjöldi bola í hverri stærð. Greiða þarf fyrir AMÍ pakkana í seinasta lagi 12. júní 2026. Framvísa þarf kvittun fyrir greiðslu til að fá passa og boli afhenta. Vinsamlegast athugið að matar- og gístipassar verða afhentir frá 16:00 til 17:30 fimmtudaginn 18. júní 2026 á gístistað og þá aðeins gegn framvísun á staðfestingu á greiðslu (til dæmis útprentun úr heimabanka).

Öllum spurningum varðandi ofangreindar upplýsingar skal beina á netfangið jona.irbsund@gmail.com.

Frekari upplýsingar um mótið munu birtast á heimasíðu SSÍ, www.sundsamband.is/ami og á sérstakri Facebooksíðu AMÍ 2026 þegar nær dregur mótinu. Þar verður settur inn matseðill og aðrar praktískar upplýsingar. Við hvetjum ykkur því til þess að fylgjast vel með á þessum miðlum.

Einnig er hægt að senda almennar fyrirspurnir í gegnum [þjónustuvef SSÍ hér](#)

Hlökkum til að hitta ykkur á AMÍ 2026 í Reykjanesbæ

Sundkveðja,

Jóna Helena Bjarnadóttir

Rekstrarstjóri og yfirþjálfari Sundráðs ÍRB

Dagskrá: (Ath! Tímaáætlanir gætu breyst)

Fimmtudagur 18. júní

16:00: Skólar opna

16:00 – 17:30: Passar afhentir á gististað

18:00: Skrúðganga frá Skrúðgarði
Keflavíkur upp í Blue Höll

19:00: Kvöldmatur

Föstudagur 19. júní

6:30 til 08:00: Morgunmatur

08:00: Upphitun

09:30: Mót

11:30-13:00: Hádegismatur

Hvíld

14:30: Upphitun

16:00: Mót

17:30- 19:30: Kvöldmatur

Laugardagur 20. júní

6:30-8:00: Morgunmatur

08:00: Upphitun

09:30 Mót

11:30-13:00: Hádegismatur

Hvíld

14:30: Upphitun

16:00: Mót

17:30-19:30: Kvöldmatur

Sunnudagur 21. júní

6:30-8:00: Morgunmatur

08:00: Upphitun

09:30: Mót

14:00: Stapinn opnar

14:30: Lokahóf hefst